

Eins og tekið er fram í úrskurði bæjarfógetans var meðlag þetta greitt úr **119**
bæjarsjóði Vestmannaeyjakaupstaðar þann 11. janúar þ. á. Samkvæmt æfiferils- **18. des.**
skýrslu Árna hefir hann átt heimili í Hafnarfirði frá 11. maí 1935 til 11. maí
1936 og var hann sveitlægur í Vestmannaeyjum til 31. desember 1936 samkvæmt
fátækralögum nr. 43, 1927.

Endurgreiðslukröfunni hafið þér mótmælt á þeim grundvelli, að þar sem
ofangreint meðlag féll í gjalddaga á þeim tíma er styrkþeginn var sveitlægur í
Vestmannaeyjum, þá sé það Vestmannaeyjakaupstaður sem beri að greiða með-
lagið.

Í 3. mgr. 58. gr. framfærslulaganna nr. 135, 1935, er svo ákveðið að það
sveitarfélag skal inna greiðsluna af hendi, þar sem barnsfaðir á lögheimilið, þeg-
ar greiðslunnar er krafist.

Með því að það er upplýst í máli þessu að Árni H. Bachmann átti lögheimili
í Hafnarfirði 11. janúar þ. á. þegar greiðslu meðlagsins var krafist úr bæjarsjóði
Vestmannaeyjakaupstaðar, þá verður samkvæmt ofangerindu lagaákvæði að
staðfesta úrskurð bæjarfógetans og skylda Hafnarfjarðarkaupstað til þess að
endurgreiða Vestmannaeyjakaupstað hið umkrafða barnsmeðlag að upphæð
kr. 200.00.

Þetta tilkynnist yður hér með til leiðbeiningar.

Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins 120
í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um greiðslu barnsmeðlaga, samkvæmt **19. des.**
2. mgr. 12. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935.

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði sýslu-
mannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 14. júlí þ. á., þar sem Keflavíkur-
hreppur er sýknaður af kröfu Reykjavíkurkaupstaðar um endurgreiðslu á með-
lagi með óskilgetnu barni Ólafs Sigurðssonar og Jóhönnu Pálsdóttur fyrir tíma-
bilið frá 9. ágúst 1935 til 9. ágúst 1936 að upphæð kr. 480.00.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði, var ofangreint meðlag
greitt úr bæjarsjóði Reykjavíkur 26. febrúar 1936. Í meðlagsúrskurðinum, út-
gefnum 1. febrúar s. l., er Ólafur talinn til heimilis á Hverfisgötu 15 C í Hafnar-
firði og í birtingarvottorði stefnuvottanna 15. s. m. er hann talinn heimilis-
fastur í Njarðvíkum í Keflavíkurbreppi. Síðastliðið ár er hann skráður á mann-
tali á Vesturgötu 28 A í Reykjavík. Jafnframt er það upplýst í máli þessu, sam-
kvæmt yfirlýsingu Ólafar Ágústsdóttur, sem hefir skráð styrkþegann á mann-
talsskýrsluna, að skráning þessi hefir farið fram samkvæmt beiðni foreldra
Ólafs, en samþykki húsráðanda var ekki fengið fyrr en eftir á. Foreldrar Ólafs
fluttu héðan úr bænum til Hafnarfjarðar fyrir manntalið 1935. Ennfremur er
það tekið fram í téðu vottorði Ólafar að styrkþeginn hafi ekkert húsnaði eða
herbergi haft á leigu hjá henni og hafi ekkert dvalið þar, en aðeins fengið að
sofa þar nótt og nótt þegar hann hefir verið á ferð í bænum.

120 Samkvæmt ofanskráðu er það ljóst, að sjálfur hefir styrkþeginn engar
 19. des. ráðstafanir gert til þess að afla sér lögheimilis í Reykjavík. Hann hefir ekki haft fast aðsetur þar og foreldrar hans voru búsettir í Hafnarfirði, en hjá þeim hafði hann talið lögheimili sitt undanfarin ár. Samkvæmt þessu verður að líta svo á, að Ólafur Sigurðsson hafi ekki átt lögheimili í Reykjavík á þeim tíma þegar meðlagsgreiðslan fór fram og verður því, með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. framfærslulaganna nr. 135, 1935, að skylda Keflavíkurhrepp, þar sem styrkþeginn dvaldi 26. febrúar 1936, að endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur meðlagssupphæðina.

Því úrskurðast:

Keflavíkurhreppur skal endurgreiða bæjarsjóði Reykjavíkur meðlag með óskilgetnu barni Ólafs Sigurðssonar fyrir tímabilið 9. ágúst 1935 til 9. ágúst 1936 að upphæð kr. 480.00.

Þetta tilkynnist yður, herra sýslumaður, hér með til birtingar fyrir hreppsnefnd Keflavíkurhrepps.

121

17. sept.

REGLUGERÐ

fyrir vinnumiðlunarskrifstofur.

Samkvæmt lögum nr. 4, 9. janúar 1935, um vinnumiðlun, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Allar vinnumiðlunarskrifstofur í landinu skulu vinna í sameiningu og samráði að verkefnum sínum, og skal vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík hafa yfirumsjón með samstarfi þeirra.

Allar vinnumiðlunarskrifstofur utan Reykjavíkur skulu senda vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík að minnsta kosti einu sinni á mánuði skýrslur um atvinnuleysi og atvinnuhorfur, ásamt tillögum um atvinnubætur í sínu umdæmi. Vinnumiðlunarskrifstofan í Reykjavík vinnur úr skýrslum þeim, er henni berast og sendir atvinnumálaráðuneytinu í lok hvers ársfjórðungs yfirlit yfir atvinnuleysi og atvinnuhorfur á þeim stöðum er vinnumiðlunarskrifstofur starfa, ásamt tillögum um hvað gera skuli til atvinnubóta á hverjum stað.

2. gr.

Vinnumiðlunarskrifstofur skulu safna nákvæmum skýrslum um alla vinnu í þeim kaupstöðum sem þær starfa í. Skulu þær fá eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði afrit af greiðslum atvinnurekenda til daglaunamanna og kvenna. Skal skýrt tekið fram nafn, heimili og upphæð sú, sem greidd hefir verið hverjum einstökum manni eða konu, þannig að skrifstofurnar geti á hverjum tíma vitað